



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Til bæjarráðs,

Kópavogi, 12. ágúst 2025
25061785/502.01 GEF

Efni: Dalvegur 1. Skipun valnefndar.

Með auglýsingu á heimasíðu Kópavogsbæjar var auglýst eftir áhugasömum aðilum til að þróa lóð Kópavogsbæjar við Dalveg 1. Umsóknarfrestur rann út þann 30. júní 2025 og bárust níu umsóknir.

Á fundi bæjarráðs 20. febrúar 2025 var samþykkt að stofna valnefnd til að meta og yfirfara tillögur sem bærust á auglýsingatíma. Samkvæmt tillögu bæjarstjóra var lagt til að nefndin yrði skipuð tveimur fulltrúum frá meirihluta og einum frá minnihluta. Jafnframt var lagt til að skipulagsfulltrúi yrði starfsmaður nefndarinnar.

Undirrituð óskar eftir því að valnefndin verði skipuð og að nefndin velji sér formann. Jafnframt er lögð fram breytt tillaga er varðar starfsmenn nefndarinnar. Annars vegar skipulagsfulltrúi og starfsmaður skipulagsdeildar skv. tillögu frá skipulagsfulltrúa, til að veita aðstoð og sinna afleysingum fyrir skipulagsfulltrúa eftir þörfum. Hins vegar skrifstofustjóri umhverfissviðs sem myndi sjá um boðun funda, ritun fundargerða en jafnframt aðstoða við þann þátt ferlisins er við kemur tilboð aðila í byggingarrétt lóðarinnar sem og undirbúning vegna viðræðna um lóðarvilyrði.

Virðingarfyllst,

Guðrún Edda Finnbogadóttir

Skrifstofustjóri umhverfissviðs



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

